



Forsætisnefnd

Húsreglur í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á fundum forsætisnefndar 16. desember 2022 og 3. mars sl. fóru fram kynningar á drögum að húsreglum fyrir Ráðhús Reykjavíkur. Drögin voru unnin í víðtæku samráði á vegum skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og mannauðs- og starfsumhverfissviðs og m.a. horft til húsreglna í sambærilegum stofnunum.

Regludrögin hafa tekið breytingum m.a. með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu á vettvangi forsætisnefndar og eru tilbúnar til afgreiðslu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Húsreglur í Ráðhúsi Reykjavíkur

Húsreglur

Ráðhúss Reykjavíkur

Gestir eru velkomnir í Ráðhúsið og eru þeir beðnir um að fylgja reglum hússins. Ráðhús Reykjavíkur er allt í senn opinber bygging, vinnustaður fjölda fólks, vettvangur borgarstjórnarfunda og áfangastaður ferðamanna.

Gönguás Ráðhússins er opinn öllum á opnunartíma hússins án sérstaks leyfis. Um starfsemi Ráðhússins að öðru leyti sem og notkun Tjarnarsalar, skrifstofurýmis og norðurhluta Ráðhússins fer skv. reglur um aðgang og starfsemi í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar.

Sýnum hvert öðru tillitssemi og góða hegðun meðan á dvöl í húsinu stendur.

Dvöl þín í Ráðhúsinu má ekki vera öðrum til ama, trufla starfsemi hússins eða fela í sér ógandi hegðun eða áreiti.

Gestir sem eiga erindi við starfsfólk Ráðhússins skulu gefa sig fram við afgreiðslu sem gefur nánari leiðbeiningar.

Vopnaburður er með öllu óheimill í Ráðhúsinu.

Truflandi hegðun og brot á reglum hafa í för með sér brottvísun úr Ráðhúsinu og skemmdarverk og þjófnaðir verða kærðir til lögreglu.

Öryggis- og húsverðir Ráðhússins fara með framkvæmd þessara reglna og er öllum skylt að fylgja fyrirmælum og leiðbeiningum þeirra um framfylgd þeirra.

Öryggis- og húsverðir halda úti viðmiðunarskrá yfir hluti sem óheimilt er að öllu leyti eða í ákveðnum tilfellum að hafa í húsinu eða í einstökum hlutum þess.

Til þessa teljast t.d. vopn eða eftirlíkingar þeirra og annað sem valdið getur truflun eða skaða og skal skráin vera gestum aðgengileg.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi forsætisnefndar XX. xx 20xx og taka þegar gildi.

LOGO